

Dalabyggð
Þórður Már Sigfússon
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík, 17. maí 2022
UST202204-108/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Ólafsdalur við Gilsfjörð - Dalabyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar er barst 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdalur við Gilsfjörð í Dalabyggð.

Í erindinu kemur fram deiliskipulagsbreytingin gengur út á að stækka skipulagssvæðið til að koma fyrir merktum gönguleiðum um dalinn, áningarstöðum með upplýsingaskiltum, þrílum yfir girðingu og skógrækt. Auk þess eru nokkrir byggingarreitir stækkaðir og byggingarreit fyrir salernisaðstöðu við bílastæði og tjaldsvæði við tóvinnuhús bætt inn á uppdrátt. Einnig er legu aðkomuvegar breytt lítillega.

Skógrækt

Í greinargerð á mynd 6. er kort sem sýnir votlendi innan deiliskipulagssvæðisins sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og afmörkun skógræktarsvæða utan þeirra. Skógræktarsvæðið liggur í jaðri votlendissvæðisins og að mati Umhverfisstofnunar getu skógræktin valdið þurrkáhrifum. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að skógræktarsvæðið sé afmarkað á þann hátt að það raski ekki votlendissvæðinu. Því er æskilegt að mati stofnunarinnar að sveitarfélagið leiti álitis Náttúrufræðistofnunar Íslands hvað þetta varðar.

Umhverfisstofnun bendir á að í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.

Auk þess þarf að skoða hver áhrif skógræktar er á fuglalíf, en votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.¹

Girðingar

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>



Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur